

Stjórnarfundur í Geðhjálp 10.01.19

Mættir voru: Hrannar, Bergþór, Sylviane, Þórður, Kári, Garðar Sölvi, Sveinn Rúnar, Halldóra, Einar Þór, Einar Björnsson og Maggý Hrönn .

1. *Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (EB)*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. *Beiðni Kolbrúnar Karlsdóttur um stuðning við komu Söru Payton til landsins.*

Stjórnin samþykkti að kynna sér málið og ræða á næsta fundi.

3. *Úttekt á þátttöku notenda í stefnumótun á Norðurlöndunum, Írlandi og í Bretlandi (ÞGG).*

Þorsteinn Gauti, verkefnisstjóri Geðhjálpar, kynnti minnisblað Geðhjálpar um aðkomu notenda að stefnumótun og heilbrigðisþjónustu í nágrennalöndunum. Hann óskaði eftir að stjórnarmenn sendu honum póst ef þeir hefðu frekari spurningar eða vildi koma á framfæri ábendingum.

4. *Námskeið ÖBÍ um Samning Sameinuðu þjóðanna 17. og 18. janúar (HJ, SL).*

Hrannar kynnti vinnustofur ÖBÍ um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sveinn Rúnar og Einar Þór ætla að sækja hluta af dagskránni og Sylviane ætlar að sækja alla dagskrárliðina.

5. *Bataskóli Íslands, húsnæði, ferli hjá borginni (HJ).*

Hrannar kynnti stöðuna í húsnæðismálum Bataskóla Íslands , sjá síðasta fund. Mikill áhugi er hjá borginni á að koma að málinu en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um þátttöku sveitarfélagsins í kostnaði við rekstur skólans í húsnæði á vegum Geðhjálpar.

6. *Beiðni nemenda í verkefnisstjórnun við HR um samstarf við Útmeð'a (ÞI).*

Þórður kynnti beiðni meistaranema við HR um samstarf við Geðhjálp í gegnum Útmeð'a forvarnarverkefnið. Hugmyndin gengur út á að setja upp ljósmyndasýningu um sjálfsvíg. Mögulega yrði sýningin sett upp á menningarhátíð Geðhjálpar í haust. Samþykkt var samhljóða að taka þátt í verkefninu.

7. *Undirbúningur aðalfundar, áhugasamir fulltrúar í stjórn (HJ).*

Hrannar ræddi um undirbúning aðalfundar þann 16. mars. Framboð þurfa að vera komin fram í síðasta lagi 9. mars og ársreikningur sama dag. Kjósa þarf formann, fjóra stjórnarmenn og fjóra varafulltrúa.

Umræður fóru fram um hverjir gæfu kost á sér til formanns og stjórnar. Sveinn Rúnar lýsti þeirri skoðun sinni að formaður ætti að vera notandi geðheilbrigðisþjónustunnar.

8. Önnur mál.

Hrannar ræddi um störf framkvæmdastjóra í framhaldi af umræðu á síðasta fundi. Hann lagði fram tillögu eftir samtöl við Þórð og Maggýju um að Anna Gunnhildur fengi greidda 5 fasta yfirvinnutíma á viku frá 1. október. Einar Björnsson lagði fram tillögu um að þessu máli yrði vísað til næstu stjórnar. Tillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða, einn var á móti og tveir sátu hjá.

Einar Björnsson kynnti drög að skýrslu um nýtt greiðslukerfi almannatrygginga. Hann mun kynna skýrsluna betur þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

Hrannar ræddi um fund hans og Önnu Gunnhildar með Þuríði Hörpu, formanni ÖBÍ og lét vel af honum.

Fundi slitið kl. 18:53